

Ed.

796. Nefndarálit

[346. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hl. félagsmálanefndar.

Frumvarpið er flutt samhliða frumvarpi um staðgreiðslu opinberra gjalda og frumvarpi um breytingu á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og vísast til nefndarálits 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar um þessi frumvörp hvað varðar þær skattkerfisbreytingar sem frumvarpið er hluti af.

Breytingartillögur eru gerðar við 2., 3. og 8. gr. frumvarpsins og miða þær að því að selja sveitarstjórnnum sjálfðæmi um álagningu útsvars og aðstöðugjalda í hverju sveitarfélagi. Samkvæmt þessum breytingum eru sveitarstjórnirnar ekki bundnar af neinum ákvæðum um hámarksskattlagningu á tekjur eða rekstur í sveitarfélaginu. Telja verður eðlilegt að leggja ákvörðunarvaldið í þessum málum í hendur sveitarstjórna þar sem þær eru kjörnar í almennum kosningum og standa þar skil ákvarðana sinna. Jafnframt hljóta sveitarstjórnir í tekjuöflun sinni bæði að taka mið af þörfinni fyrir þjónustu í sveitarfélaginu og gjaldþoli útsvarsgreiðenda og atvinnurekstrar. Breyting sú, sem gerð er tillaga um á 2. gr., gerir sveitarstjórnnum auk þess kleift að leggja á breytilegt útsvar eftir tekjum gjaldenda. Þannig getur sveitarstjórn beitt útsvarinu til tekjujöfnunar en er ekki bundin af ákvæðum laga um að henni beri að leggja sama hundraðshluta á alla íbúa í sveitarfélaginu.

Breytingartillagan við 3. gr. er í eðlilegu framhaldi af því sem að framan segir. Fáí sveitarstjórnirnar sjálfðæmi í þessu efni er heimildarákvæði um 10% hækkun eða lækkun útsvara óþarft.

Þær breytingar, sem hér eru lagðar til á ákvæðum um álagningu útsvars, eru í samræmi við einróma samþykkt borgarstjórnar Reykjavíkur frá 15. des. 1983, svohljóðandi:

„Vegna þeirrar skoðunar, sem nú fer fram á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga, beinir borgarstjórn Reykjavíkur eftirfarandi tilmælum til félagsmálaráðherra:

1. Ákvæði um álagningu fasteignagjalda verði rýmkuð þannig að sveitarstjórnir fái aukið svigrúm til að veita tekjulitlum hópum afslátt af fasteignagjöldum.
2. Ákvæði um álagningu útsvars verði breytt á þann veg að ákvörðunarvaldið verði algerlega í höndum sveitarfélaga, en ekki takmarkað eins og nú er af ákvæðum um hámarksútsvar, og að sami hundraðshluti skuli lagður á alla menn í hverju sveitarfélagi.“

Með þeim breytingum, sem hér hefur verið gerð grein fyrir og fluttar eru á sérstöku þingskjali, leggur undirrituð til að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 9. mars 1987.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.